



Bæjarstjórn Blönduóssbæjar FUNDUR – 12. september 2006

Bæjarstjórn Blönduóssbæjar kom saman til 443. fundar þriðjudaginn 12. september 2006 kl. 17:00 að Hnjúkabyggð 33 (dómsal). Forseti bæjarstjórnar, Valgarður Hilmarsson setti fundinn og stjórnaði honum. Mæting samkvæmt undirskriftum.

Dagskrá og afgreiðslur:

1. Verðlaunaafhending menningar- og fegrunarnefndar.
2. Fundargerð bæjaráðs frá 30. ágúst.
3. Fundargreð fræðslunefndar frá 21. ágúst.
4. Fundargerð æskulýðs- og tómstundanefndar frá 25. ágúst.
5. Fundargerð landbúnaðarnefndar rá 26. ágúst.
6. Jafnréttisáætlun Blönduóssbæjar.
7. Erindisbréf nefnda.
8. Framkvæmdir við Þingbraut.

Afgreiðslur:

1. Verðlaunaafhendingin menningar- og fegrunarnefndar. Formaður nefndarinnar, Nína Margrét Pálmadóttir fór yfir starf nefndarinnar og veitti svo eftirtöldum aðilum fegrunarverðlaun fyrir árið 2006. Það eru þau Margrét Björnsdóttir og Jón E. Kristjánsson fyrir garðinn við Brekkubýggð 22, sem þykir vel skipulagður, fjölbreyttur og prýðilega hirtur. Þá fengu hjónin á Geitaskarði, Ásgerður Pálsdóttir og Ágúst Sigurðsson fyrir gott viðhald og almenna snyrtimennsku við býlið á Geitaskarði. Að verðlaunaafhendingunni lokinni drukku viðstaddir kaffi í boði bæjarstjórnar. Að kaffidrykkju lokinni véku nefndarmenn og verðlaunahafar af fundi.
2. Fundargerð bæjarráðs í 14 liðum frá 30. ágúst kynnt og tekin til afgreiðslu. Vegna 14. liðar b óskar bæjarstjóri að svohljóðandi svar við spurningu sé bókað. *“Vorið 2004 var samþykkt samhljóða í bæjarstjórn að Blönduósbær legði til land undir verkefnið. Vinnu við innlausn spildna lauk nýverið og því eðlilegt að samningar vegna afnota svæðisins fylgi nú í kjölfarið”. Undir bókunina ritar Jóna Fanney Friðriksdóttir* Fram var lögð svohljóðandi tillaga vegna 14 liðar a. *“Bæjarstjórn Blönduóssbæjar samþykkti að ganga til samninga við Ámundakinn ehf. vegna byggingar skrifstofuhúsnæðis að Hnjúkabyggð 31”. Gengið var til atkvæða um tillöguna, hún var samþykkt með 4 atkv. 3 sátu hjá.* Vegna þessa liðar var óskað eftir svohljóðandi bókunar. *“Bæjarfulltrúar Á og D lista telja að í upphafi kjörtímabils verði bæjarstjórn að forgangsraða verkefnum sem vinna á að á kjörtímabilinu. Það er mikilvægt að horft sé til fjárhagslegrar getu bæjarsjóðs til að standa straum af kostnaði vegna framkvæmda og að horft sé til þess að auka ekki skuldir. Við afgreiðslu þessarar tillögu liggja ekki fyrir upplýsingar um skuldsetningu bæjarsjóðs vegna fyrirhugaðs samnings og sitjum við því hjá við afgreiðslu þessarar tillögu”. Undir bókunina rita þeir*

Ágúst Þór Bragason, Jón Örn Stefánsson og Kári Kárason.
E- listi óskaði eftir svohljóðandi bókun. “Afgreiðsla tillögunnar byggist eingöngu á því að verið sé að samþykkja að ganga til samninga við Ámundakinn ehf.. Verði að samningi kæmi hann að sjálfsögðu til staðfestingar bæjarstjórnar. Afgreiðsla þessi byggir á viljayfirlýsingu bæjarstjórnar frá 28. mars 2006”. Undir bókunina rita Valgarður Hilmarsson, Héðinn Sigurðsson, Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson og Jóna Fanney Friðriksdóttir.
Fundargerðin þá borin upp að öðru leyti og samþykkt með 7 atkv. samhljóða.

3. Fundargerð fræðslunefndar í 3 liðum frá 21. ágúst kynnt og tekin til afgreiðslu. Fundargerðin borin upp og samþykkt með 7 atkv. samhljóða.
4. Fundargerð æskulýðs- og tómstundaneftndar frá 25. ágúst kynnt og tekin til afgreiðslu. Varðandi 1 lið fundargerðarinnar leggur bæjarstjórn til að varamaður taki sæti Rannveigar Bjarnadóttur, þar sem Rannveig hefur verið ráðin tómstundafulltrúi. Samþykkt samhljóða. Fundargerðin þá borin upp og samþykkt með 7 atkv. samhljóða.
5. Fundagerð landbúnaðarnefndar í 3 liðum frá 26. ágúst kynnt og tekin til afgreiðslu. Fundargerðin borin upp og samþykkt með 7 atkv. samhljóða.
6. Jafnréttisáætlun Blönduóssbæjar.
Bæjarstjóri kynnti áætlunina sem gildir fyrir árin 2006 – 2010. Áætlunin samþykkt samhljóða.
7. Erindisbréf nefnda.
Bæjarstjórn samþykkir að vísa erindisbréfunum til umsagnar nefnda og taka þau fyrir á næsta fundi bæjarstjórnar.
8. Framkvæmdir við Þingbraut.
Rætt var um fyrirhugaða endurnýjun á Þingbraut. Ákveðið var að leita eftir tilboðum í verkið.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl. 19:50.

Valgarður Hilmarsson (sign.)
Héðinn Sigurðsson (sign.)
Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson (sign.)
Ágúst Þór Bragason (sign.)
Kári Kárason (sign.)
Jón Örn Stefánsson (sign.)

Jóna Fanney Friðriksdóttir (sign.)